

Heimskringla

kemur út (af forfallalaus) á hverjum fimmtudegi.

Skrifstofa og prenting:
35 og 37 King St. Winnipeg, Man.
Eigandi og útgáfarmaður:
Frimann B. Anderson.

Ritstjórn: Frimann B. Anderson.
Einar Hjóltefson,
Egbert J. Jónsson.
Blátt kort: ein árgangur \$2.00;
hálfur árgangur \$1.25; og um 3 mánuði
50 cents. Þorgil fyrirfram.

Auglýsingar í blaðinu kosta:	
ein dágur um 12 mánuði	\$200
6 dágur um 12 mánuði	120
3 dágur um 12 mánuði	75
1/2 dágur um 12 mánuði	120
6 dágur um 12 mánuði	75
3 dágur um 12 mánuði	40
1/2 dágur um 12 mánuði	40
3 dágur um 12 mánuði	20

Minni auglýsingar kosta: fyrir 1 pl.
um 1 mánuði \$2.00, um 3 mánuði \$3.00,
um 6 mánuði \$4.00, um 12 mánuði
\$15.00.

Auglýsingar, sem standa í blaðinu
áskurmi tíma af mánuði, kosta: 10 cents
línan í fyrsta skipti, og 5 cents í annað
og þriðja skipti.

Auglýsingar standa í blaðinu, þannig
að til skipts er að taka þær burtu,
nema samstíð um vissan tíma fyrir
fram.

Allar auglýsingar, sem birtast eiga
í nosta blaðs, verða að vera komnar, til
ritstjórnarinnar fyrir kl. 4 e. m. á laugar-
dögum.

Skrifstofa blaðsins verður opin alla
virka daga frá kl. 10 til kl. 11.30 f. h. og
frá kl. 3 til kl. 4 e. h. nema á málviku-
dögum.

LAGAÁKVARÐANIR VÍÐVÍKJANDI FRJETTABLAÐUM.

1. Hver maður, sem tekur reglulega
móti blaði frá pósthúsinu, stendur í á-
byrgð fyrir borguninni. Hvort sem hann
nafn eða annars er skrifast út á blaðið,
og hvort sem hann er skrifandi eða
ekki.

2. Ef einhver sigr blaðinu upp,
verður hann að borga allt, sem hann
skuldar fyrir það; annars getur útfær-
andinn haldið áfram að senda honum
blaðið, þannig til hann hefur borgað
allt, og útfærandinn á heimilis- og borg-
un fyrir allt, sem hann hefur sent, hvort
sem hann hefur tekið blaðið af pósthúsi-
nu eða ekki.

3. Þegar mál koma upp út af blaða-
kaupum, má höfð mális á þeim stað,
sem blaðið er gefið út á, hvað langt
burtu sem heimilis skrifandans er.

4. Dómtölarnir hafa úrkúrð, að
það sé tekið á þá mál frjettablaðum
eða smáritum frá pósthúsinu, eða stýrja
burtu og sýrja ekki eptir þeim, meðan
þau eru óbörðug, sje tilraun til svika
þvína fötu af intentional fraud.

Vjer höfum heyrt það svona út
undan oss, að sumir menn hafi
hneykslart á niðurlagsörðunum í
greininu um nýju sálmalókina.

Vitaskuld, menn hafa fundis sjer
fleira til í þeirri grein. Oss dettur
ekki í hug að fara að elta það allt
saman—að minnsta kosti eigi fyrr, en
þeir gefa sig fram og kvarta hrein-
skilnislega undan því.

Niðurlagið á þessari grein var í
þá átt, að almúginn væri eigi of
gáfugur, þó menn eigi settu sig út
til að gera hafi vitlausari en hann er.

Þetta hafa sem sagt sumir menn
fundis sjer til; þeim hefur fundist
liggja í þessu fyrirlitning fyrir þjóð-
inni; þeir hafa getið sjer til, að það
mundi liggja í oss eitthvað af hinum
evokallasta íslenska „embættismanna-
rig“; þó það sje sjer en svo, að vjer
höfum verið gerðir að embættis-
mönnum.

Um þetta efni viljum vjer fyrir
engan mun, að neinn misskilningur
verði milli vor og lesenda vorra.
Þetta mál er í raun og veru grund-
vallaratriðin í vorri pólitisku trúar-
fátningu, og þeim ættu aldrei neinn
blakmenn að leynd fyrir almennig.

Vjer könnuist við það, að það er
skoðun vor, að almennigur þjóðar
vorrar standi fremur á lágu en háu

stigi. Það er líklegt, að sú skoðun
verði óheimil—en það verður að hafa
það. Vjer höfum enga töl á könnu-
ingunni um það, að það sjeu öll lík-
indi til, að almenningsálitis sje yfir
höfuð að tala það rjetta. Og vjer
getum, ef á þyrfti að halda, fært til
mörg, mörg dæmi upp á það, að
almenningsálitis hefur verið ósann-
gjærnt, harðfegislegt, barbarískt og
hreint ót sagt vitlaust. Og vjer höf-
um sjeð svo mikis af hleypidómum
og hjátru og aulaskap í öllum sökum
hjá vorri eigin þjóð, að oss dettur
eigi í hug að hún sje vitrari en
almennigur hjá öðrum þjóðum.
Hinn andlegi sjóndeildarhringur
þjóðar vorrar er takmarkaður mjög,
hugsanirnar þröngar, opt húsanga-
legar. Og þegar vjer rennum hug-
anum til þeirra manna, sem vjer höf-
um kynnt, þá fáum vjer eigi betur
sjeð, en það sje minni hluti þeirra,
sem í raun og veru hefur haft vit-
á neinu nema því, sem í þröngsta skil-
ingni vískemur þeirra daglega lífi.

En það er sjer en svo, að það
sje skoðun vor, að þetta ástand eigi
ekki að lagast og geti eigi lagast.
Það er þvert á móti sannfæring vor,
að það liggir meiri hæfileikar í þjóðun-
um, en vjer ná getum gert oss hug-
mynd um—og auðvitað eins íslend-
ingum, eins og öðrum mönnum. Það
er trú vor, að þjóðirnar komist með
tímanum á herra stig, en vjer getum
eygt—eins íslendingar hvar sem þeir
verða niður komnir í heiminum, eins
og aðrir menn.

En hvernig? Óhætt er um
það, að þeim fer aldrei fram á gull-
hamrahettinum, á því að halda á
fram að fmynda sjer, að þeir sjeu
gáfafasti og menntaasta þjóð í
heimi, á því að verða bara bálvond-
ir, ef einhver hefur áðrar skoðanir
en þeir sjálfir. Þeirra fyrsta fram-
farastig er, eins og annars allra
manna, að skilja, hvað þeim er mik-
is ábótavant; þá fara þeir að borga
sig að ná menntuninni, og upp
úr því fara þeir að verða gáfugir—
fyrir ekki.

En þeir þurfa meira en mennt-
unina—og þar kemur sú eiginlega
pólitiska hlís málsins fram. Þeir
þurfa frelsi, og þeir þurfa að venj-
ast á að hagnýta sjer frelsið. Al-
menningur þarf að hafa yald til að
ráða sjer sjálfur, og hann verður að
venjast á að nota sjer það yald.
Hann verður að hætta að láta ein-
staka menn hugsa allt fyrir sig, hann
verður að fara að hugsa sjálfur, og
sjá um að hugsanir hans sjeu fram-
kvæmdar.

Vjer vitum vel, að afleiðing-
arnar geta opt orðið vísjárvörðar í
fyrstu, og vjer stjórn fjóldans hefur
opt gengið út í öfgar. En vegna
hvers? Af því að þjóðirnar kunnu
ekki að stjórna sjer. Vegna hvers
kunnu þær það ekki? Af því þær
voru óvanar við það. Og þær læra
það aldrei til eilífs, fyrr en þær
hafa vanist við það, fyrr en þær
hafa rekið sig á sín eigin afglöp og
orðið hyggjarnir af reynslunni.

Einasti vegurinn til að slá þjóð-
irnar upp er, að þær ali sig upp
sjálfar. Þetta uppeldi hafa íslend-
ingar enn ekki fengið. Þess vegna
eru þeir eins og þeir eru. Og þess
vegna stöndum vjer við það, að þeir
sjeu ekki of gáfugir. Og haldi ís-
lendingar að það eigi eitthvað skylt
við embættismanna-rig, eða lýsi
því, að vjer höfum fyrirlitning fyrir
vorri eigin þjóð, þá segjum vjer,
að það sje enn ein sönnunin fyrir því,
að þeim veitti ekki af að verða ofar-
lita ögn gáfugir.

LANDALEIT.

Það er nú talið algerlega áreið-
anlegt að Hudsoníða brautin verði
lögð innan skamms; allir telja sjálf-
sagt, að það verði byrjað á henni
í haust, og þá verður byrjað frá
Winnipeg eða í grendinni, að
minnsta kosti innan Manitoba-fylk-
is. Allir vita að hún verður lögð
milli vatnanna, Manitoba-vatna og
Winnipegvatns, og því ekki ýkja
langt frá Nýja Íslandi.

Þó að margir, að líkindum
þorri manna, sjeu nú ánægðir í
Nýja Íslandi, þá eru þar þó vafa-
laust ýmsir, sem ekki hafa sem
allra haganlegast jarðnæði. Sumir
eru t. d. komnir í svo góð efni, að
þeir þurfa ekki á fiskveiðunum
að halda, til þess að lifa af, og
þeim þykir að samara að stunda
landbúnaðinn, en hafa ekki nęgar
eða þá ekki hentugar, engjar til
þess að auka svo gripastól sinn
á miklu nemi.

Sumir eru og líka í Nýja Ís-
landi, sem enn hafa ekki numis þar
land, en sem kunna að mörgu leyti
vel við sig, og vilja ekki þurfa að
flytja langt burt.

Það ganga sagnir um, að það
sami vera mikis og gott þræfu-
land, þegar dregur vestur úr skóg-
inum, sem liggur á vesturströnd
Winnipegvatns, einmitt á því svæði,
þar sem járnbrautinn mundi verða
lögð. Það vita menn að minnsta
kosti, að það eru grassjettur fram
með Manitoba vatni austanverðu, og
einhvers staðar verða þær sjettur
að byrja austan að, á milli vatn-
anna.

Það væri óneitanlega fróðlegt
fyrir þá menn í Nýja Íslandi, sem
eitthvað kynnu að hafa í huga að
færa sig til, að fá eitthvað áreiðan-
legt að vita um þetta land. Það
er í sjálfu sjer undarlegt, að menn
sem hafa verið svo mörgum árum
skiptir í Nýja Íslandi, skuli ekki
þekkja þetta land út í hörgul. En
það er sjerstök ástæða til að kynna
sjer lausn á þessu, þegar á að leggja
járnbrautina yfir það.

Væri þarna í sjálfu sjer gott land, þá
getur það eigi dulist neinum manni,
að íslendingar væru þarna sjerlega
vel settir. Það er engin íslensk
hyggja jafnmætti aðalmarkaðs, eins og
þessi mundi verða, og veisistöðvar
við vötnin eru þar svo nærri, að
menn getu komist kostnaðarlaust til
þeirra, ef menn vildu hagnýta sjer
þær. Það væri sárgrættilegt, ef
íslendingar skyldu missa af þessu
landi, ef það er annars satt, sem
margir segja, að það sje ágætt
land.

Ný-Íslendingar ættu nú að sýna
rögg af sjer og skóga landis vel, og
það strax. Færðin ætti að vera
með beita móti eptir þetta þurka-
sumar, og annrki er ekki mikis eptir
þennan tíma. Þeir eru þeir einu
íslendingar, sem standa vel að vígi
með það, því þeir búa þarna svo að
segja rjett við. Landis mundi líka
á líkindum fremur verða numis af
þeim, en af öðrum Íslendingum, sem
nú eru vestan hafs.

Það mætti hugsa sjer tvær ástæðir
við að koma þessari landsköpun á.
Önnur er sú, að hver skoði vestur frá
sjer. Hin er sú, að þeir hafi samtök,
og velji einhverja vissu menn til að
skoða allt öbyggt land milli vatn-
anna. Sú ástæða virðist óneitan-
lega greiðari, en það er vitaskuld,
að til þess þarf dættir-samtök. Ný-
Íslendingar þurfa þeirra líka aus.

viðas við, eins og aðrir menn, og
það virðist eiga vel við, að þeir
byrjaðu þau með þessu.

Stæan að greinin um „Sveitar-
stjórnarleysis í Nýja Íslandi“ var
rituð, höfum vjer sannfjett að
„Municipality“ er þegar löglega
stofnað í Gimli County. Þess vegna
þurfa íslendingar þar ekki önnur
umsvif að hafa til að koma á fót hjá
sjer lögumetri sveitarstjórn, en að
halda fund, þar sem meti menn úr
öllum byggðunum, og samþykkja
að mynda sveitarstjórn, samkvæmt
sveitarstjórnarlögum fylkisins. Eptir
að það er gert þurfa þeir einungis
að senda bænaakrá til fylkisstjórn-
ans þess efnis, að þeir nú hafi sam-
þykkt að koma á fót sveitarstjórn,
og þetta hann að staðfesta þær sam-
þykktir. Annars er ekki nauðsyn-
legt til að fá stjórnina löglega
stofnaða, en svo kemur til margt
annars, sem í blaðinu verður ekki
upptalið. Þeir þurfa t. d. að fá lög-
lega gerðar funda- og reiknings-
bækur, eyðublað fyrir skattheimtu,
skattupphæð o. s. frv., og undirneins
menn til að virða hinar skattgildu
eignir, en um þessháttar allt ann-
ast Judicial District stjórnin.

ATVINNUMÁL. Knights of Labor.

Þetta vinuriddarfélag, sem nú er
efalaust með útbreiddustu fjölgum í
heimi, er íslendingum, ásamt mörgum
öðrum, alveg ókunnugt; kemur það
ekki leiti af því, að fjelagis er enn
þá leyndarfélag. Það er fjöldi manna
sem trúir því að fjelagis sje byltinga-
félag, að það hveiti fjelagslími til
verkstöðvans og óeyrta, en þessi skoðun
er alveg röng. Fjelagis er að visu
byltingarfélag, hefur sósíalista-skoðanir
áð svo miklu leyti, sem stefna þess er
að dreyfa auknum meðal allra fjelags-
manna. En það víðurkennir alls ekki
nokkrar sósíalista reglur, nje heldur
betur það sömu vopnum og sósíalistar
í Chicago í vor: sósíalista-skoðanir þess
koma einmitt fram í því, að það ástundar
að koma upp sameignarverzlunum og
verkstæðum verkmanna, og með því
móti keppa við af hinna einstöku
auðmanna. Á annan hátt koma þær
skoðanir ekki fram.

Asaltligangur fjelagsins er, að beita
kjör verkmannsins á hvern þann hátt,
sem mögulegt er; að afnema daglauna
vinnu, en láta í stað hennar koma
sameignarfélagsvinnu; að greiða úr
þrætumálum milli verkgefanda og verka-
manna; að mennta fjelagslími og kenna
þeim að hagnýta sjer sinn borgaralega
rjett við embætti veitingar o. s. frv., og
að andeða öllu einveldi í hvaða heilt
mynd, sem þá kemur í ljós. Þetta eru
að eins sum af aðal-atriðunum í verka-
hring fjelagsins: að telja þau öll yfir af
langt, enda óþarft og ómögulegt, því
varkahringur þess innihýfir allar mögu-
legar þarfr verkamanna. Ef eitthvað
nýtt kemur fyrir í dag, sem er utan
við verkahring þess, þá er hann aukinn
svo, að hann inni lykur þá þörf á morgun.
Þar es mörgum er ókunnugur upp-
runi fjelagsins, þá er ekki úr vegi að
setja hjer stutt ágríp af sögu þess.

Fjelag þetta var fyrst myndað í
Philadelphia að haugstöðum árið 1869.
Í fyrstunni var það myndað fyrir skráðara
eingöngu, og það var skráddari, að nafni
Uriah S. Stephens, er gekkst fyrir að
mynda það. Hann og sex samverka-
menn hans í skráðarabúð komu allir
saman á leyndlega stefnu að kvöldtíma
til að ræða um myndun skráðara-
verndunarfélags. Þar samþykktu þeir
nokkrar lagagreiðir fyrir þesskonar fjelag,
og skrifuðu sig allir í fjelag, er þeir
skýrðu „Knights of Labor“. Fjelaga-
límið fjölgaði nú von bráðar, en þó
var vaxtur þess ekki eins mikill, og
höfundur þess vildi. Þá sja hann og
brátt að ekki yrði aftarsæti að hafa
þess svona einstrengislegt, að engir
nema skráðarar fengu að standa í því.

Það var því eptir fía mánuði, að lögun
þess var breytt svo, að allir gátu orðið
fjelagslími.

Í samanburði við vöxt fjelagsins um
öfustu 3-4 ár, voru framfarir þess
lítlar allt til ársloka 1877, og til þess
tíma fór lítlar sögur af atgærdum þess.
Fjelagis samanstóð þá af 1,200 deildum,
og var að visu leyti höfðlaus þer.
Þá var engin allsherjar eður framkvæmd-
ar stjórn í því, og enginn einn yfir-
maður, er hafði taumböld þessara mörgu
deilda, eða líti til með þeim í nokkru.
Eða fyrir framtaksemi og einstakan
dugnað nokkurra fjelagslíma, varð eptir
langa máðu komist á almennum fundi
í fjelaginu, í Reading, Pennsylvania hinna
1. janúar 1878. Á þeim fundi mættu
fulltrúar frá öllum deildunum, og þá
hís fyrsta var kosin framkvæmdarstjórn
fyrir fjelagis, og formaður hennar
nefndur Grand Master Workman (eðsti
verkamanna foring). Þessi foringi fje-
lagsstjórnarinnar kallar saman alla
almennafundi og aukafundi í fjelaginu,
hefur hönd í bagga með stjórn hverrar
deildar fyrir sig, eptir því, sem á þarf
að halda, og hús boðum er hver deild
og hver einstaklingur skyldur að hlýða.

Fjelagis vann algerlega huldur
höfði til 1. janúar 1882, þá var það,
að nokkru leyti gert opinbert hvað
það hefði fyrir stefni, samkvæmt álykt-
unum á hinum öðrum almennum fundi
þess, er haldinn var í Pittsburgh, Penn-
sylvania um haustið 1881. Frá þeim
degi (1. jan. 1882) hafa framfarir þess
verið meiri og stórkostlegri, en nokkurs
annars fjelags, er menn hafa sögur af.
Á almennum fundi þess, er haldinn var
í Richmond, Virginia í júlímán. Í sum-
ar, var sagt að tala fjelagslíma mundi
nú vera orðin nálega, ef ekki alveg, 1
míllj., þar af 7-800, þáundir í Bandar-
ríkjum og Canada, en hitt í Norðurlöf.

Jafnan ágangur að fjelaginu eiga
þessi karlar og konur, en enginn getur
orðið fjelagslímiur nema hann hafi
öflekkað mannröð og stundi einhverja
heilfarlega líta. Allra stjettu menn eiga
ágangur að því, en af lærdum mönnum
eiga málafærslumenn elnna örugast
með að fá aðgönguleysi. Drykkjumenn
fá alveg ekki aðgöngu, en þó er ekki
heimtast að fjelagslími sjeu blindis-
menn, en höfsemdarmenn verða þeir að
vera. Eftling og útbreiðsla bindinds er
þó eitt af þeim málum, sem áfellt er í
dagkrá þess. Enginn eður fylgir
aðgöngu í fjelagis, en allir verða að
leggja drengskap sinn við, að þeir skuli
hlýða lögun og reglum fjelagsins, og
að þeir skuli ekki opinbera þau mál fje-
lagsins, er leyndleg eiga að vera, áður
en, nöfn þeirra eru rituð í bókurnar.
Rjetti einhver þetta heilt slitt er hann
ræður úr fjelaginu, og er nafn hans þá
opinberað í öllum deildum fjelagsins,
svo að hann ekki geti svikizt inn í það
annars staðar. Frjálst er hverjum einum
að segja mönnum út í frá, að hann til-
heyrir fjelaginu, en án leyfis má hann
ekki nafngreina nokkurn fjelagslími.
Ekkert er það í lögunum, og ekkert það
er unnið í fjelaginu, sem í nokkru
snerti trúarfél. Þess vegna geta þessi
katólskir og mótmælendur trúarmenn, af
hvaða flokki sem er, unnið saman mál-
kílfalaust.

Útgöld eru nokkur í fjelaginu. Að-
gangseyrir fyrir karlmann er ekki minni
en 1 dollar og fyrir kvenmenn ekki
minni en 50 cents. Auk þess er mún-
aðargjald ekki minna en 10 cents frá
hverjum fjelagslími. Karlmann geta
gengið í fjelagis, þegar þeir eru 18 ára
gamlir, og konur þegar þær eru 16 ára.

Selnt í októbermán. í fyrra var hjer
stofnuð deild af fjelaginu, og er í henni
7-800 manna. Þessi deild hefur gert
mikis gagn á þessum stutta tíma, eru
fyrir nokkru byrjuð að gefa út verka-
mannablað, er heitir „The Industrial
News“, fróðlegt blað fyrir verkamenn.
Í retur er leið kom fjelagis því til leið-
ar, að bókum var lokað kl. 9 á kvöldin,
og í sumari júlímán. tókst því að eudur.
nýja það; hefur bókum síðan verið lok-
að kl. 8, nema á laugardkvöldum og
kvöldum fyrir alla helgidaga.

Verzlunarmál.

Hveitiverzlun er nú almennt byrjuð,
en dauð er hún enn. Þykir þöndum